

ALÞINGI ÍSLENDINGA  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8 – 10,

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. nóvember 2003.

**Efni: Umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, 153. mál.**

Félag forstöðumanna ríkisstofnana hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 29. október 2002 þar sem óskað er eftir umsögn félagsins varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, 153. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

**u m s ö g n :**


Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) hefur rætt fyrirleggjandi frumvarp og telur ástæðu til að taka fram að afstaða félagsins við val á stjórnendum opinberra stofnana er að sjálfsögðu sú að leitast skuli við að velja þann einstakling til starfsins sem talinn er hæfastur þeirra sem vöð er á. Meginregla við ráðningar hefur verið að auglýsa störf, hvert sé eðli þeirra og hvaða hæfniskröfur viðkomandi þarf að uppfylla.

Álitamál er hvort til sé heppilegri leið við leit að hæfum einstaklingi. Það kann þó að vera að við ráðningu í sérstakar stöður eins og í bankastjórn Seðlabanka eigi að viðhafa aðrar reglur en þau almennu sjónarmið sem gilda um ráðningar. Telur stjórn FFR að hún sé tæplega í stöðu til þess að meta hvort svo sé. Eðli máls samkvæmt hlýtur bankastjóri í Seðlabanka að starfa mun nánara með ríkisstjórn um stjórn og mótun efnahagsmála en almennt gengur og gerist með forstöðumenn opinberra stofnana. Skiptir þá máli fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að trúnaður ríki þar á milli. Það eitt og sér getur verið röksemd fyrir öðru fyrirkomulagi en almennt gerist.


## FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Félag forstöðumanna ríkisstofnana tekur ekki afstöðu til framkomins frumvarps í umsögn þessari.


Virðingarfyllst




Skúli Eggert Þorðarson  
formaður stjórnar FFR



Sigurður Guðmundsson  
varaformaður stjórnar FFR



Margrét Hallgrímsdóttir  
meðstjórnandi FFR



Björn Karlsson  
varagjaldk. FFR